

53. fundur stjórnar Umhverfis og tæknisvið Uppsveita kjötímabilið 2018-2022.
Haldinn í Aratungu í Bláskógabyggð þann 21.06 2018 kl. 11.00.

Mætt: Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Björgvin Skafti Bjarnason Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Helgi Kjartansson Bláskógabyggð, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Árni Eiríksson Flóahreppi og Guðmundur Gíslason Ásahreppi.

Helgi Kjartansson oddviti Bláskógabyggðar setti fundinn en í samræmi við samþykktir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita boðar oddviti fjölmennasta sveitarfélagsins til fyrsta fundar í stjórn UTU að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. **Stjórnarkjör:** Helgi Kjartansson bar upp tillögu um að Björgvin Skafti Bjarnason yrði formaður stjórnar og Halldóra Hjörleifsdóttir varaformaður. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða.
2. **Rekstur og starfsemi UTU.** Farið var yfir starfsemi UTU. Ingibjörgu Harðardóttur sveitarstjóra umsjónarsveitarfélags UTU barst uppsagnarbréf frá Berglinni Sigurðardóttur, í morgun, dagsett 20.6.2018 þar sem hún segir upp störfum. Rætt var um starfsmannamál, hvernig staðan væri og hver væru næstu skref. Stjórn samþykkir að auglýsa eftir nýjum skipulagsfulltrúa og er formanni falið að vinna að því.
3. **Önnur mál:** Björgvin Skafti og Ingibjörg fara eftir fundinn og hitta starfsmenn og kynna fyrir þeim nýja stjórn og nýjan formann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00

Sign HH.

Halldóra Hjörleifsdóttir
Árni Eiríksson
Ingabjörg
Guðmundur Gíslason